

Viðbót við IFSC reglur fyrir mót KÍ

Dagsetning útgáfu: 22. október 2025

Tilgangur

Íslandsmeistaramót og bikarmót Klifursambands Íslands (KÍ) skulu vera framkvæmd samkvæmt reglum IFSC með þeim undantekningum sem settar eru fram í þessu skjali.

Almennt

- Keppnisréttur og gestapátttakendur
 - Keppnisréttur
 - Aðeins félagsbundnum íþróttamönnum og þá einungis frá félögum, sérráðum og héraðssamböndum sem standa í skilum með skýrslugerðir til ÍSÍ í samræmi við grein 8.1 laga ÍSÍ eru með keppnisrétt á Íslandsmeistara- og bikarmótum KÍ. Aðeins einstaklingar með keppnisrétt geta unnið titla og eru í formlegum niðurstöðum.
 - Keppnisrétt öðlast erlendur ríkisborgari ekki fyrr en eftir a.m.k. þriggja ára samfellda búsetu hérlandis. Viðkomandi einstaklingur verður að vera í félagi innan KÍ.
 - Gestapátttakendur
 - Á Íslandsmeistaramótum þurfa gestaklifrarar að vera félagsbundnir íþróttamenn og þá einungis frá félögum, sérráðum og héraðssamböndum sem standa í skilum með skýrslugerðir til ÍSÍ í samræmi við grein 8.1 laga ÍSÍ.
 - Gestapátttakendur skulu vera merktir sem slíkir á lista yfir niðurstöðum mótsins og eru ekki hluti af formlegum niðurstöðum mótsins. Mótshaldari ræður sjálfur hvort miðað er við formlegar niðurstöður eða lista með gestapátttakendum þegar veitt eru verðlaun fyrir mótið. Sömuleiðis ákveður mótshaldari hvort gestapátttakendur meggi keppa í úrslitaumferð mótsins. Þá má setja reglu um að ákveðinn fjöldi gestapátttakenda (sem bætist þá við fjölda þeirra með keppnisrétt sem komast áfram) geti komist í úrslit umfram þá keppendur sem eru með keppnisrétt sem komast í úrslitaumferð.
- Mótsstjóri/mótsstjórn skal skipa yfirdómara mótsins. Einstaklingnum þarf að treysta fyrir að sinna hlutverkinu af heilindum og hlutleysi. Stjórn KÍ getur krafist þess að fundinn sé nýr einstaklingur í hlutverkið ef hún telur að þess þurfi.
- Litur gripa getur afmarkað hvaða grip eru með í leiðinni (ef leiðir eru þétt saman). En þá skulu kassar vera með í öllum leiðum (nema það sé notað rautt teip, sbr. 3b). Ef þessari reglu er beitt þarf að taka það fram á upplýsingasíðu mótsins eða tilkynna það í upphafi umferðar.
 - Þegar keppnisumhverfið er með þessum hætti er ákveðinn sveigjanleiki leyfður þegar keppendur snerta grip í öðrum leiðum. Þá er létt snerting leyfð (t.d. þegar klifrari dregur fótinn yfir grip eða rekst í grip) á meðan klifrari notar ekki gripið og að það hjálpi ekki við að halda eða gera hreyfinguna sem er framkvæmd.

- i. Það er ávallt á forræði dómara að meta hvort að snerting við grip hafi verið lögleg skv. lið a.
 - b. Hægt er að afmarka svæði með rauði límbandi. Það þýðir að ekki má nota grip né kassa hinu megin við límbandið, en það má hins vegar snerta vegginn sjálfann.
 4. Yfirdómari getur leyft keppendum að nota eigin bursta til þess að hreinsa grip.
 5. Áfrýjanir
 - a. Áfrýjun þarf að skila til yfirdómara á þar til gerðu [áfrýjunareyðublaði](#).
 - i. Einstaklingar sem leggja fram áfrýjun þurfa sjálfir að vera með áfrýjunarblað tiltakt til þess að leggja fram áfrýjun.
 - b. Áfrýjunargjald: 2000 kr (reikningur sendur á klifurfélag/klifurdeild viðkomandi þjálfara).
 - i. Keppandi getur áfrýjað sjálfur en samþykkir þá að greiða áfrýjunargjald ef henni er hafnað.
 6. [Skrá yfir liðsstjóra, þjálfara, heilbrigðisstarfsmenn og áfrýjendur keppenda](#).
 - a. Klifursamband Íslands skal halda skrá yfir þá einstaklinga sem eru tengdir keppendunum og geta lagt frá áfrýjanir á mótum.
 - i. Skráin er haldin fyrir hvert keppnistímabil fyrir sig (þ.e. almanaksárið).
 1. Yfirþjálfarar félaga og þjálfarar afrekshópa/keppnishópa hafa áfrýjunarrétt.
 - ii. Hver keppandi getur tilnefnt einn einstakling sem áfrýjanda. Það er gert með því að skrá einstaklinginn í fyrnefnda skrá.
 1. Einstaklingurinn sem leggur fram áfrýjunina þarf að greiða áfrýjunargjaldið.
 - iii. Síðasti möguleiki til þess að skrá einstaklinga í skrána fyrir hvert mót er á fundinum um mótshald (technical meeting) svo þeir geti lagt fram áfrýjanir á viðkomandi móti.
 7. Birting úrslita
 - a. Birta skal heildarniðurstöður ÍM á heimasíðu KÍ. Þar sem úrslitum allra ÍM er safnað saman.
 - b. Nóg er að birta niðurstöður úrslitaumferða bikarmóta sem frétt á heimasíðu KÍ eða viðburðasíðu mótsins sem hlekkjað er á af vefsíðu KÍ.
 8. Reglur um aldursflokka
 - a. Opinn flokkur er fyrir alla sem eru 17 ára á árinu og eldri (hægt er að fá undanþágu, sbr. 8c). Þá skal halda utan um U19 innan opna flokksins.
 - b. Unglingaflokkar
 - i. Á Íslandsmeistaramótum og bikarmótum er keppt í U13 og U15. U19 keppir innan opna flokksins. Ef veggpláss eða dagskrá mótsins býður ekki upp á að keppt sé í U13 má sleppa þeim aldursflokki.
 1. U13: Einstaklingar sem verða 12 og 11 ára á keppnisárinu.
 2. U15: Einstaklingar sem verða 14 og 13 ára á keppnisárinu.
 3. U17: Einstaklingar sem verða 16 og 15 ára á keppnisárinu.
 4. U19: Einstaklingar sem verða 18 og 17 ára á keppnisárinu.
 - c. Undanþágur til þess að keppa í næsta aldursflokki fyrir ofan sig
 - i. Þjálfari má leyfa lðkendum á eldra ári í U13 og U15 keppa í flokknum fyrir ofan sig.
 - ii. lðkendur í U17 mega keppa í opnum flokki (þá undir aldursflokknum U19) með leyfi þjálfara.

- iii. Það er alltaf háð leyfi þjálfara ef iðkendur fá að keppa í flokki fyrir ofan sig.

Mótsfyrirkomulagi grjótglímumóta

Mótshaldari skal setja saman umferðir eins og er tilgreint hér að neðan. Hægt er að fá undanþágu hjá mótanefnd KÍ ef óskað er sérstaklega eftir að hafa annars konar fyrirkomulag.

Opinn flokkur

- Undankeppni: 5 leiðir, 5 mín af/á
 - Rúllandi umferð: 5 leiðir beint af augum, 5 mín á/5 mín af + 15 sek millitími. Enginn skoðunartími.
- Úrslit, 8 manna umferð
 - Rúllandi umferð: 4 leiðir beint af augum, 4 mín á/8 mín af + 15 sek millitími. 8 mín skoðunartími.

U13, U15 og U17

- Undankeppni: Kaos-umferð
 - 8 leiðir (5 tilraunir á leið). Keppendur fá 90-150* mín til þess að reyna við leiðirnar í hvaða röð sem þeir kjósa. Myndbönd af leiðum.
- Úrslit, 6 manna umferð
 - Í ungmennaflokkum má velja á milli þessara fyrirkomulaga:
 - Rúllandi umferð: 4 leiðir beint af augum, 4 mín á/4 mín af + 15 sek millitími. 8 mín skoðunartími.
 - Rúllandi umferð: 4 leiðir flass, 4 mín á/4 mín af + 15 sek millitími. Keppendur fá að sjá myndbönd af fyrir umferðina.

*Lengd umferðar er tilkynnt í upphafi umferðar og fer eftir fjölda þátttakenda og hvort leiðir skarist mikið.

Mótsfyrirkomulag línuklífurmóta

1. Mótsfyrirkomulag
 - a. Undankeppni er haldin í samræmi við reglur IFSC.
 - i. Í ungmennaflokkum má nota kaos format (sjá nánar hér fyrir neðan). Þá má mótshaldari bjóða upp á ofanvaðsflokka í U13 og U15.
 - b. Úrslit fara fram í samræmi við IFSC reglur. Fjöldi keppenda í úrslitum skulu vera sex.
2. Ráslisti skal birta í síðasta lagi snemma dags á keppnisdegi, helst degi fyrr, ef upphitunaraðstað er ekki á keppnisstað (t.d. Í Miðgarði) þannig að keppendur geta skipulagt daginn og upphitunina sína.
3. Mótshaldari getur ákveðið fjölda í úrslitum. Upplýsingar um það þurfa að vera á viðburðasíðu mótsins. Almenn er miða
4. Leiðarvísar
 - a. Birta skal leiðarvísar á viðburðasíðu viðkomandi móts á heimasíðu KÍ (eða á viðburðasíðu mótsins sem hlekkjað er á af vefsíðu KÍ)

- i. Ef umferð er klifruð bein af augum skal birta leiðarvísi af úrslitaleiðum eftir lokun einangrunar.
5. Ef úrslitaleiðir eru á veggnum áður en úrslitaumferð hefst skal tilkynna keppendum það í upphafi mótsins. Einnig ráðlagt að taka þá fram á viðkomandi mótasíðu/viðburðasíðu. Leiðirnar skulu vera ómerktar.
6. Byrjunargrip
 - a. Ef mótið er haldið í lágum vegg má merkja byrjunargrip í leiðunum (tvö grip sem eru byrjunargrip fyrir hendur).
7. Þjálfarar geta óskað eftir á fundinum um mótshald (technical meeting) að mega gefa áminningar um öryggisatriði til yngri keppenda sem eru í leiðum sem klifraðar eru beint af augum.

Viðbót: Kaos-umferð í línuklifri

8 leiðir. Erfiðleikastig 1-4. Þær tvær leiðir sem gefa flest "vegin stig" gilda sem niðurstöður umferðarinnar. Klifrari hefur eina tilraun fyrir hverja leið og mega ráða í hvaða röð þeir reyna leiðirnar.

Allir þátttakendur mega sjá hvorn annan klifra leiðirnar og deila upplýsingum um leiðir. Lengd undankeppnar er tilkynntur í byrjun umferðar og fer eftir fjölda þátttakenda og hvort leiðir skarist mikið.

Stigakerfi

Í undankeppninni fá klifrarar að skoða leiðarvísa fyrir leiðir þar sem sést hvaða grip í leiðinni gefa stig. Síðasta stigið fyrir leiðina fæst með því að klippa í toppakkeri. Leiðarvísarnir verða birtir á þessari viðburðarsíðu.

Klifrari færir stig út frá því hvaða grip hann notar og nær að halda með öryggi. Síðasta stigið fyrir leiðina fær klifrarinn fyrir að klippa í toppakkeri. Sum grip geta gefið tvö stig og er þá ætlunin að nota báðar hendur á því gripi. Klifrari getur fengið "+ hreyfingu" fyrir að byrja hreyfingu í átt að næsta gripi sem gefur stig í leiðinni. Þá bætist 0.1 stig fyrir gripið sem klifrarinn notaði fyrir hreyfinguna. Yfirlit yfir hvaða grip gefa stig er að finna í leiðarvísi leiðarinnar.

Stigin eru síðan margfölduð með stuðli sem gefin er upp fyrir hverja leið. Þannig fást "vegin stig" fyrir leiðina.

Vegin stig:

Stig leiðar x margföldunarstuðull leiðar

Formúla fyrir margföldunarstuðla:

Erfiðleikastig 1 (Leið 1 og Leið 2): 20 / hámarksstig í leið

Erfiðleikastig 2 (Leið 3 og Leið 4): 40 / hámarksstig í leið

Erfiðleikastig 3 (Leið 5 og Leið 6): 60 / hámarksstig í leið

Erfiðleikastig 4 (Leið 7 og Leið 8): 80 / hámarksstig í leið

Niðurstaða umferðar: Samanlögð "vegin stig" þeirra tveggja leiða sem gefa flest stig.

Ef samanlögð “vegin stig” eru jöfn sigrar sá keppandi sem er með fleiri toppa af þeim leiðum sem notaðar eru til þess að reikna niðurstöður..